

Fundur í Betadeild þriðjudaginn 30. nóvember 2010

Dagskrá

1. Setning fundar.
2. Fundargerð síðasta fundar lesin.
3. Orð til umhugsunar.
4. Önnur mál.
 - a. Söngur félagskvenna.
 - b. Úrsögn úr samtökunum.
 - c. Erlend samskipti.
 - d. Uppstillingarnefnd.
 - e. Nýjar konur bornar upp.
 - f. Ný deild.
5. Veitingar.
6. Jólagestur segir frá.
7. Hapdrætti.
8. Fundi slitið

1. Þorgerður formaður setti fundinn og bar kveðju frá fjarverandi konum. Jafnframt minni Þorgerður á bókafund 11. janúar 2011 heima hjá Þórunni Bergsdóttur.
2. Fundargerð frá 18. október lesin og samþykkt eftir nokkrar athugasemdir .
3. Orð til umhugsunar. Rósa K. Júlíusdóttir talaði um að jólin væru tími minninga og hefða og ræddi hún um mikilvægi minninga. Rósa rifjaði upp að þegar hún var 10 ára gömul í Barnaskóla Akureyrar átti hún að skrifa stíl og skrifaði hún hann eftir minningum Rósu ömmu sinnar. Stíllinn hét *Jólin hennar ömmu*. Þessi stíll var prentaður ásamt öðrum í hefti sem hét *Jólasveinninn, stílar úr Barnaskóla Akureyrar*. Rósa las upp sinn stíl ásamt ljóði eftir Jóhannes Örn Vigfússon prófessor í eðlisfræði en hann var 12 ára þegar hann samdi sitt ljóð sem hét *Jólin*. Rósa las líka *Jólasveinasögu* eftir Jón Hlöðver Áskelsson.
4. Önnur mál:
 - a) Söngur félagskvenna. María kennir konum lagið *Jól* eftir Jórunni Viðar. Fleiri jólalög voru sungin á milli dagskráratriða.
 - b) Úrsögn úr samtökunum. Þorgerður las bréf frá Þórönnu Þórðardóttur þar sem hún segir sig úr samtökunum og bað hún fyrir kveðju til félagskvenna með þakklæti fyrir samveruna.
 - c) Erlend samskipti. Þorgerður minnti á bréf sem barst til íslensku samtakana frá Delta Kappa Gamma í Texas. Þorgerður spurði hvort líta ætti á bréfið sem ósk um að deild eða einstaklingur setti sig í samband við Texas? Félagskonur telja að verið sé að óska eftir bréfasamskiptum við deild. Anna Þóra tekur að sér að kanna hvort einhver önnur deild hafið tekið þetta verkefni að sér og þá um leið að skoða hvers konar samskipti er um að ræða. Þorgerður stingur upp á að 3-4 konur takið að sér bréfaskrif ef Beta deild tekur þetta verkefni upp á sína arma.
 - d) Uppstillingarnefnd. Þorgerður minnir á að tilnefningar til stjórnar landssamtakana þurfi að berast fyrir lok janúar 2011.
 - e) Nýliðun. Fjórar konur voru kynntar á síðasta fundi og rifjað var upp hvaða konur það voru. Þrjú ný nöfn bættust við núna. Félagskonur eru nú 26 og ætti alveg að vera hægt að bjóða fjórum til sex konum í samtökin. Konurnar verða bornar upp á bókafundum í janúar.
 - f) Ný deild. Ingibjörg Auðuns sagði frá bréfi sem barst frá Ingibjörgu Einarsdóttur. Í deigluinni er að stofna nýja deild hér fyrir norðan.

5. Veitingar. Konur gæddu sér á veitingum með jólaívafi en stjórnarkonur sáu um veitingar þessa fundar.
6. Jólagestur segir frá. Anna María Sigurðardóttir sem búsett er í Hrísey kom á fundinn og rifjaði upp spennandi ár úr barnæsku sinni en hún bjó á ýmsum framandi stöðum sem barn og unglingur. Faðir hennar var vélstjóri og vann við þróunarhjálp hjá Sameinuðu þjóðunum. Anna María bjó meðal annars á Mauritius þegar hún var á leikskólaaldri og lærði þar ensku og þar mundi hún eftir lús í hári og maurum í mat. Eftir dvöl á Mauritius kom fjölskyldan heim en þegar Anna María var átta ára gömul flutti fjölskyldan til Malaví. Þar fór hún í heimavistarskóla. Meðal jólaminninga þaðan var piparkökuhús sem lak niður í hitanum. Á Malaví eignaðist Anna María vinkonu sem hún skrifast á við enn í dag. Þar þurfti að sjóða vatn í 20 mínútur áður en hægt var að drekka það. Frá Malaví kom fjölskyldan aftur heim. Róm var næsti áfangastaðurinn og á tveimur árum bjó fjölskyldan á sex stöðum. Þar líkaði öllum best að vera þar sem fjölskyldan fékk gesti að heiman. Frá Róm var farið til Indónesíu en þar var bæði mikill hiti og raki og fólk svitnaði án þess að gera neitt. Þar var Anna María í heimavist í Jakarta þar sem mikill fjöldi nemenda var frá öllum heimshornum. Næsti staður á heimskortinu var Flórída í Bandaríkjunum en þar bjó Anna María hjá föðursystur sinni og þar kláraði hún skólagöngu sína með bandarísku stúdentsprófi. Um jólin þegar hún var 16 ára ferðaðist hún ein frá Flórída til Indónesíu þar sem hún lenti í miklum ævintýrum. Fjölskyldan hélt í íslenska jólasíði og venjur, hvort sem hún bjó heima eða erlendis en í þeim löndum sem Anna María bjó í bjuggu bæði hindúar, múslimar og kristnir. Þegar Anna María rifjaði upp hvað gerði jólin alltaf svo yndileg sagði hún að það væri samvera, hlýhugur og velvild, jólin væru kærleikshátíð og hún hlakkar alltaf til eins og barn.
7. Happpdrætti. Hanna kom með jólapakka í fjarveru Þórunnar sem fékk vinning á síðasta fundi. Guðrún Björnsdóttir fékk vinninginn en Þórunn mun sjá um að koma með vinning á næsta fund.
8. Fundi slitið.

Fundargerð ritaði
Jónína Hauksdóttir.